

Eftirlaunasjóður FÍA

Starfsreglur kjörnefndar

1. gr. – Um kjörnefnd

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA (EFÍA) skipar kjörnefnd í samræmi við heimild í gr. 4.2 í samþykktum sjóðsins. Í kjörnefnd skulu eiga sæti einn nefndarmaður skipaður af stjórn FÍA og einn nefndarmaður skipaður af stjórn EFÍA. Stjórn EFÍA skal ennfremur ráða til starfa einn nefndarmann sem telst hafa sérþekkingu á þeim störfum sem nefndinni eru falin. Nefndarmenn skulu skipaðir til eins árs í senn og tilkynnt um skipun þeirra á vefsvæði sjóðsins.

Skipa skal nefndina að lágmarki 3 mánuðum fyrir ársfund þegar kosningar fara fram samkvæmt samþykktum sjóðsins og tilkynna um skipun hennar á vefsvæði sjóðsins.

Vegna skipunar kjörnefndar fyrir ársfund 2019, skal skipa nefndina að lágmarki 6 vikum fyrir ársfund og tilkynna um skipun hennar á vefsvæði sjóðsins. Að öðru leyti gilda ákvæði 1. gr. um skipan kjörnefndarinnar fyrir ársfund 2019.

2. gr. – Störf kjörnefndar og heimildir

Markmið með störfum kjörnefndar er að tryggja sjóðfélögum EFÍA áreiðanlegri forsendur til að taka upplýsta ákvörðun um val í stjórn sjóðsins. Í störfum sínum skal nefndin gæta hagsmuna sjóðsins og sjóðfélaga allra.

Kjörnefnd auglýsir eftir framboðum til stjórnarsetu í samræmi við samþykktir sjóðsins, í þeirri auglýsingu skal jafnframt koma fram hvaða kröfur eru gerðar til stjórnarmanna. Fimm vikum fyrir ársfund skal auglýsa stjórnarkjör á vefsvæði sjóðsins og tiltaka hvenær framboðsfrestur rennur út. Þremur vikum fyrir ársfund skulu öll framboð hafa borist og skal kjörnefnd yfirfara þau, úrskurða um lögmæti þeirra og kalla eftir frekari upplýsingum ef þurfa þykir.

Kjörnefnd skal leitast við að kalla eftir framboðum frá báðum kynjum og gæta þess að tilnefningar nefndarinnar gefi sjóðfélögum tækifæri til að kjósa stjórn sem uppfyllir lög um kynjakvóta.

Meðal hlutverka kjörnefndar er að hafa umsjón með framkvæmd stjórnarkjörs og að leggja fram rökstutt mat á hæfi einstakra framboðenda til stjórnarsetu. Mat nefndarinnar telst vera ráðgefandi. Kjörnefnd skal yfirfara framkomin framboð með tilliti til þeirrar hæfni og reynslu sem nauðsynleg er til stjórnarsetu í lífeyrissjóði, sem og að teknu tilliti til samsetningar stjórnar hvað varðar breidd í fjölbreytni, hæfni og reynslu. Til grundvallar skal kjörnefnd m.a leggja 31. gr laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 og yfirlit Fjármálaeftirlitsins um hæfni og þekkingu stjórnarmanna lífeyrissjóðs, sem og aðrar kröfur sem gerðar eru af hálfu eftirlitsaðila hverju sinni.

Við mat sitt og ráðleggingar skal nefndin gæta þess að ráðleggingar nefndarinnar stuðli að því að stjórn í heild sinni búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt og að einstakir stjórnarmenn hafi burði og vilja til að þreyta hæfismat Fjármálaeftirlitsins

Að lokinni yfirferð skal kjörnefnd birta rökstutt álit sitt á þeim framboðum sem berast til stjórnarsetu á vefsvæði sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Á ársfundi sjóðsins skal kjörnefnd gera grein fyrir störfum sínum og rökstyðja tilnefningar sínar.

Sjóðfélögum sem fá ekki brautargengi hjá kjörnefnd en skiluðu inn lögmætum framboðum skal upplýsa um mat nefndarinnar og kanna hvort þeir vilji halda framboði sínu.

Kjörnefnd er heimilt að leita til sitjandi stjórnar, undirnefnda stjórnar og framkvæmdastjóra til að afla viðeigandi upplýsinga, sem nefndin telur nauðsynlegar til að gegna hlutverki sínu.

Kjörnefnd er heimilt að leita utanaðkomandi ráðgjafar og skulu ráðgjafar vera óháðir lífeyrissjóðnum, daglegum stjórnendum og sitjandi stjórnarmönnum. Afla skal samþykkis stjórnar fyrir kostnaði.

3. gr. – Fundir

Kjörnefnd kys sér formann úr hópi nefndarmanna á fyrsta fundi og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörnefnd skal funda að lágmarki tvisvar á ári og oftast eftir þörfum og halda um fundi sína fundargerðir. Nefndin er ákvörðunarbær þegar meirihluti nefndarmanna sækir fund. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum í öllum málum sem koma til kasta nefndarinnar. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess kostur.

4. gr. – Þagnar- og trúnaðarskylda

Á fulltrúum í kjörnefnd hvílir þagnarskylda um málefni sjóðsins, starfsmanna, sjóðfélaga, lífeyrisþega og önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara samkvæmt lögum, eðli máls eða ákvörðun stjórnarinnar. Fulltrúar kjörnefndar eru ábyrgir fyrir því að gögn, sem þeir hafa tekið við og fara skuli leynt, komist ekki í hendur annarra aðila.

Þagnarskylda helst þó nefndarmaður láti af starfi.

5. gr. – Frekari reglur um störf kjörnefndar

Um ábyrgð, vald og störf kjörnefndar fer eftir starfsreglum þessum og samþykktum sjóðsins.

6. gr. – Annað

Einungis stjórn sjóðsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á reglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.

Samþykkt þann 15.04.2019